

♥ **Lofgjörð: Lofum og tilbiðjum Guð fyrir hver Hann er. Guð er náðugur!**

Heb 4:16

Göngum því með djörfung að há sæti náðarinnar, til þess að vér öðlumst miskunn og hljótum náð til hjálpar á hagkvæmum tíma.

2Kor 9:8

Guð er þess megnugur að veita yður allar góðar gjafir ríkulega, til þess að þér í öllu og ávallt hafið allt sem þér þarfnist og getið sjálfir veitt ríkulega til sérhvers góðs verks.

Jóh 1:16-17

Af gnægð hans höfum vér allir þegið, náð á náð ofan. Lögmálið var gefið fyrir Móse, en náðin og sannleikurinn kom fyrir Jesú Krist.

Efes 2:8-9

Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf. Ekki byggt á verkum, enginn skal geta miklast af því.

♥ **Syndajátning:** Í hljóði. Leiðtoginn byrjar og endar þennan hluta. 1Jóh 1:9 *Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti.*

♥ **Þakkargjörð:** Þakkið Guði fyrir fyrir bænasvör og annað sem Hann hefur gefið okkur. 1Þess.5:18 *Þakkið alla hluti, því það er vilji Guðs með yður í Kristi Jesú*

♥ **Fyrirbæn:** 1Tím. 2:1 *Fyrst af öllu áminni ég um að bera fram ákall, bænir, fyrirbænir og þakkargjörðir fyrir öllum mönnum,*

-Bæn fyrir börnunum: Heb 4:16, 2 Kor 9:8 Harml 3:22-23

„Góði Guð, við biðjum þess að þú gefir _____ djörfung til að koma fram fyrir há sæti náðar þinnar og að hann/hún finni miskunn og náð þegar hann/hún er hjálparþurfi. Við biðjum þess að náð þín streymi yfir hann/hana á þeirri stundu. Þú hefur sagt í orði þínu að náð þín er ný á hverjum morgni. Við biðjum í Jesú nafni, Amen! ”

Nafn: _____ Nafn: _____ Nafn: _____

-Bæn fyrir kennurum: 2 Kor 9:8

„Himneski faðir, megi náð þín streyma yfir _____ þannig að hann/hún ávallt hafi allt sem hann/hún þarfnast til þess að framkvæma góð verk á réttri stundu. Við biðjum í Jesú nafni, Amen! »

Nafn: _____ Nafn: _____

- Bæn fyrir leikskólum/ skólum/ framhaldskólum/ háskólum

- Biðjum um frelsi fyrir börnin í bekknum.

- Biðjum þess að kennararnir sýni hver öðrum og nemendum virðingu og kærleika.

-Bæn fyrir Mæðrum í bæn

-Biðjið um að fleiri mæður komi saman til bænar.

Mundu að allt sem talað er í hópnum er bundið trúnaði.